

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

FAS24040012
Reykjavík, 14. maí 2024

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Borgarstjórn Reykjavíkur leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum. Um stjórnarhætti sveitarfélagsins gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum og samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, með síðari breytingum og viðaukum. Reykjavíkurborg er með skráð skuldabréf í kauphöll og lýtur því reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga, sem Kauphöll Íslands gefur út.

Framsetning stjórnarháttayfirlýsingar 2023 er með hliðsjón af Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins í maí 2015. Reykjavíkurborg vísar þó að hluta frá leiðbeiningunum einkum þar sem efnistökin eiga ekki við um sveitarfélög.

Hlutverk Reykjavíkurborgar

Hlutverk Reykjavíkurborgar er að veita íbúum Reykjavíkur góða þjónustu með sem hagkvæmustum hætti og leggja grunn að auknum lífsgæðum borgarbúa til lengri og skemmri tíma. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru sveitarfélög sjálfstæð stjórnvöld, sem stjórnað er af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnunum í umboði íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er falið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál, skipulagsmál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup.

Í B-hluta Reykjavíkurborgar er veitt þjónusta til fyrirtækja og einstaklinga meðal annars á sviði veitna, hafna, félagslegs húsnæðis, sorpvinnslu, brunavarna og almenningssamganga.

Engin veruleg frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sveitarfélagsins, sem tengist umhverfis-, félags- og starfsmannamálum, mannréttindamálum eða spillingar- og mútumálum.

Lög, reglur og tilmæli

Reykjavíkurborg starfar á grundvelli sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Um skyldur borgarinnar gilda að auki lög og reglugerðir um starfsemi hennar og þjónustu einstaka málaflokka. Yfirlit yfir lögmaet verkefni sveitarfélaga og tilvísanir í viðeigandi lög er að finna á [vef Stjórnarráðsins](#).

Reykjavíkurborg hefur sett sér samþykktir og innri reglur almennt um stjórn borgar og eftir málaflökkum, sem er að finna á [heimasíðu Reykjavíkurborgar](#), www.reykjavik.is. Helstu samþykktir og innri reglur eru eftirfarandi:


- Samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar ásamt viðaukum
- Samþykkt menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs
- Samþykkt mannréttinda-, og ofbeldisvarnaráðs
- Samþykkt skóla- og frístundaráðs
- Samþykkt stafræns ráðs
- Samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs
- Samþykkt velferðarráðs
- Samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

- Reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar
- Siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg
- Siðareglur starfsmanna Reykjavíkurborgar
- Reglur um styrkveitingar Reykjavíkurborgar
- Innkaupareglur Reykjavíkurborgar
- Reglur um gerð fjárhagsáætlunar
- Reglur um fjárstýringu
- Innheimtuleglur
- Starfsreglur endurskoðunarnefndar

Stjórnskipulag Reykjavíkurborgar

Gildandi stjórnskipulagi fyrir A-hluta Reykjavíkurborgar er sem hér segir:



Borgarstjórn

Borgarstjórn starfar skv. II. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, sbr. 9. gr. laganna. Hlutverk og verksvið borgarstjórnar skv. 8. gr. sveitarstjórnarlaga er að fara með stjórn Reykjavíkurborgar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga.

Borgarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna Reykjavíkurborgar og um framkvæmd þeirra verkefna sem sveitarfélagið annast. Hún skal sjá um að fylgt sé ákvæðum laga um sveitarstjórnarmál, reglugerðum og samþykktum Reykjavíkurborgar. Þá getur borgarstjórn ályktað um hvert það málefni sem hún telur að varði Reykjavíkurborg.

Borgarstjórn Reykjavíkur er skipuð tuttugu og þremur borgarfulltrúum og jafnmörgum til vara, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Borgarstjórn kýs forseta borgarstjórnar og fjóra varaforseta úr hópi borgarfulltrúa til eins árs í senn. Borgarstjórn kýs úr hópi borgarfulltrúa sjö aðalmenn í borgarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Borgarstjórn kýs formann og varaformann borgarráðs úr hópi kjörinna borgarráðsmanna. Upplýsingar um kjörna fulltrúa í borgarstjórn, trúnaðarstörf þeirra á vegum borgarstjórnar og fjárhagslega hagsmuni þeirra er að finna á [heimasíðu Reykjavíkurborgar](#).

Fjöldi fulltrúa í borgarstjórn og nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins ræðst af ákvæðum sveitarstjórnarlaga og í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, sem birt er í Stjórnartíðindum og er aðgengileg þar og á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar má sjá hverjir sitja í einstökum nefndum, ráðum og stjórnnum.

Í 2. tl. 44. gr. sveitastjórnarlaga kemur fram regla um kynjahlutföll í nefndum sem borgarstjórn velur í. Sveitarfélagið gætir að þessum reglum við skipan í nefndir. Að því er borgarstjórnina varðar, ræðst samsetningin af röðun á framboðslista og niðurstöðum kosninga til sveitarstjórnar. Í borgarstjórn sitja nú fulltrúar 8 stjórnsmálaflokka, 14 konur og 9 karlar með ólíkan bakgrunn og menntun.

Árið 2023 voru haldnir 27 fundir í borgarstjórn, þar af einn fundur með Reykjavíkurráði ungmenna.

Borgarráð

Borgarráð fer, ásamt borgarstjóra, með framkvæmda- og fjármálastjórn Reykjavíkurborgar, að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin. Ráðið hefur umsjón með stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar og fjármálastjórn hennar sérstaklega, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur hana fyrir borgarstjórn. Borgarráð sér um að ársreikningar borgarsjóðs séu samdir reglum samkvæmt og þeir, ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja, lagðir fyrir borgarstjórn til meðferðar og afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um. Borgarráði er heimil fullnaðarákvörðun mála sem ekki varða verulega fjárhag borgarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur innan ráðsins eða við borgarstjóra um ákvörðunina.

Í borgarráði sitja sjö borgarfulltrúar kjörnir af borgarstjórn. Flokkur sem fulltrúa á í borgarstjórn, en ekki í borgarráði, má tilnefna borgarfulltrúa til að sitja fundi borgarráðs með málfrelsi og tillögurétt. Í borgarráði sitja nú tveir áheyrnarfulltrúar.

Árið 2023 voru haldnir 40 fundir í borgarráði.

Borgarstjóri

Borgarstjórinn í Reykjavík er æðsti yfirmaður starfsmanna Reykjavíkurborgar. Borgarstjóri er ráðinn af borgarstjórn og getur verið borgarfulltrúi. Sé hann borgarfulltrúi hefur hann einnig skyldur sem slíkur. Borgarstjóri er framkvæmdastjóri Reykjavíkurborgar, opinber fulltrúi Reykjavíkurborgar og pólitískur leiðtogi meirihlutans. Hann er prókúruhafi borgarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna borgarinnar, lántökur og aðrar skuldbindingar svo og vegna ráðstafana sem samþykki borgarstjórnar þarf til. Borgarstjóra er heimilt með samþykki borgarstjórnar að veita öðrum starfsmönnum borgarinnar prókúru. Borgarstjóri fer með eignarhluta Reykjavíkurborgar í B-hluta fyrirtækjum.

Borgarstjóri Reykjavíkur árið 2023 var Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi en Einar Þorsteinsson borgarfulltrúi tók við sem borgarstjóri 16. janúar 2024.

Innra eftirlit, áhættustýring og endurskoðun

Borgarstjórn ber ábyrgð á að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits í starfsemi borgarinnar og að það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um; að sveitarfélagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi, í samræmi við markmið sveitarfélagsins; áreiðanleika og réttmæti

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

fjárhagsupplýsingar sem veittar eru ytri aðilum og að fylgt sé lögum og reglum sem gilda um starfsemina. Við uppbyggingu á innra eftirliti hjá Reykjavíkurborg er tekið mið af ramma COSO, sem er alþjóðlega viðurkenndur rammi um innra eftirlit.

Áhættustýring

Grunnstoðir virkrar áhættustýringar felast í greiningu verulegrar áhættu, mælingu á áhættu, aðgerðum til þess að takmarka áhættu og stöðugri vöktun áhættuþátta. Áhættustýringarferlið og geta borgarinnar til að stýra og verðleggja áhættuþætti er ómissandi þáttur í að tryggja skilvirka nýtingu fjármuna, svo og til að tryggja að áhættu hennar sé haldið innan viðunandi marka. Áhættustýring er því grundvallarþáttur í starfi borgarinnar.

Áhættustjóri borgarinnar er Stefanía Sch. Thorsteinsson sem leiðir áhættustýringu borgarinnar. Meginmarkmið áhættustýringar er að stuðla að áhættumiðaðri ákvarðanatöku yfir allt borgarkerfið og flétta heildstæða áhættustjórnun við alla starfsemi borgarinnar. Þetta er gert m.a. með því að greina og áhættumeta meginverkefni borgarinnar; t.d. húsnæðisuppbyggingu borgarinnar, framkvæmdir og viðhald á húsnæði borgarinnar, leikskólastarfsemi; draga fram það sem betur mætti fara og koma með tillögur að úrbótum. Áhættur sem greinast í þessari vinnu eru bæði fjárhagslegar og ófjárhagslegar en til þess að greiningarnar nýtist sem best þarf að umbreyta ófjárhagslegum afleiðingum yfir í fjárhagslegar. Með þeirri umbreytingu opnast dyrnar á að framkvæma töluvert dýpri og verðmætari greiningar en ella væri hægt að gera ef hluti af áhættunum hefðu ófjárhagslegar afleiðingar.

Unnið er að því að skilgreina áhættuvilja borgarinnar en stefnt er að því að hann verði samþykktur á árinu 2024. Í honum má finna yfir fimmtíu forvirka áhættumælikvarða, sem mæla bæði fjárhagslegar áhættur sem og ófjárhagslegar, sem ætlað er að láta vita áður en áhættur raungerast. Áhættumælikvörðum verður komið fyrir á lifandi mælaborði og verður lögð áhersla á langtímaleitni og samspil mælikvarðanna.

Helstu áhættuþættirnir sem haft geta áhrif á getu borgarinnar til að ná markmiðum sínum til skamms tíma og til næstu ára eru markaðsáhætta, sjóðstreymisáhætta, áhætta tengd fjárhagslegri sjálfbærni og rekstraráhætta. Hver og einn áhættuflokkur greinist svo enn frekar niður og hafa verið skilgreindir áhættumælikvarðar fyrir hvern undiráhættuflokk sem og lagðar línur að álagsprófum og sviðsmyndagreiningum. Farið verður stuttlega yfir hvern áhættuflokk fyrir sig hér að neðan.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er sú hætta að verðbreytingar á mörkuðum hafi óhagstæð áhrif á afkomu borgarinnar og eigið fé hennar. Undir markaðsáhættu fellur verðbólguáhætta, vaxtaáhætta, gjaldeyrisáhætta, fasteignaverðsáhætta og mótaðilaáhætta.

Sjóðstreymisáhætta

Sjóðstreymisáhætta snýr að mögulegum erfiðleikum sem Reykjavíkurborg gæti lent í við að halda utan um daglegar fjárhagslegar skuldbindingar sínar vegna mismunar á inn- og útflæði sjóðs. Vöktun á sjóðstreymisáhættu skiptir sköpum til þess að viðhalda stöðugleika í rekstri og forðast lausafjárkreppur. Undir sjóðstreymisáhættu fellur lausafjáraáhætta, fjármögnunaráhætta, áhætta tengd afborgunum lána, tekjuáhætta og útgjaldaáhætta

Áhættur sem tengjast fjárhagslegri sjálfbærni borgarinnar

Þessi flokkur tekur á víðtækum langtímaáskorunum sem sveitarfélög standa frammi fyrir við að tryggja að þau geti haldið áfram að veita íbúum þjónustu án þess að skaða fjárhagslega heilsu þessi. Undir áhættum sem tengjast fjárhagslegri sjálfbærni borgarinnar fellur fjármálalegur ójöfnuður, langtímaskuldir og skuldbindingar, efnahagsleg og lýðfræðileg þróun, fjárfesting í innviðum, stjórnarhættir og stjórnunarhættir

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á beinu eða óbeinu tapi vegna ófullnægjandi innri verkferla, mannlegra mistaka, kerfisbilunum eða vegna ytri atburða. Undir rekstraráhættu fellur ferlaáhætta, starfsmannaáhætta, kerfis og tækniáhætta, hlítingaráhætta, ytri áhættur, ábendingar vegna afhendingarþjónustu og eignaáhætta.

Endurskoðunarnefnd

Reykjavíkurborg hefur skipað endurskoðunarnefnd skv. 108. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Hlutverk endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar er skilgreint í samþykkt hennar og gegnir hún samsvarandi hlutverki gagnvart samstæðu borgarinnar og einstökum B hluta félögum innan samstæðunnar. Nefndin starfar samkvæmt IX. kafla A. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og samkvæmt samþykktum frá 10. júlí 2014. Endurskoðunarnefnd skal meðal annars gegna eftirfarandi verkefnum:

- Eftirliti með vinnuferli við gerð reikningskila.
- Eftirliti með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.
- Eftirliti með endurskoðun ársreiknings A-hluta og samstæðureiknings A- og B-hluta.
- Mat á óhæði ytri endurskoðenda og eftirlit með öðrum störfum þeirra fyrir Reykjavíkurborg
- Setja fram tillögu til borgarstjórnar um val á ytri endurskoðendum og að ráðningu innri endurskoðanda.

Nánari útfærslu á störfum nefndarinnar má finna í starfsreglum hennar sem eru uppfærðar árlega. Endurskoðunarnefnd er skipuð fjórum fulltrúum, þremur skipuðum af borgarstjórn Reykjavíkurborgar og einum skipuðum samkvæmt tilnefningu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Nefndina skipa: Lárus Finnbogason, löggiltur endurskoðandi, formaður, Einar S. Hálfánarson, hrl. og löggiltur endurskoðandi (réttindi óvirk), Sigrún Guðmundsdóttir, löggiltur endurskoðandi, og Sunna Jóhannsdóttir, viðskiptafræðingur. Á heimasíðu borgarinnar má sjá samþykkt sem borgarstjórn hefur sett fyrir [endurskoðunarnefnd](#).

Innri endurskoðun og ráðgjöf

Innri endurskoðun og ráðgjöf (IER) starfar samkvæmt samþykkt borgarstjórnar frá 15. júní 2021. Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar er Hallur Símonarson og heyrir skrifstofa Innri endurskoðunar og ráðgjafar undir hans stjórn. Innan IER starfa þrjú fagsvið samkvæmt erindisbréfum sem endurskoðunarnefnd hefur samþykkt og var erindisbréf fagsviðs innri endurskoðunar samþykkt á fundi nefndarinnar 18. september 2023. Innri endurskoðun og ráðgjöf fer með fjármála- og stjórnsýslueftirlit hjá Reykjavíkurborg í umboði borgarráðs. Í því felst að með störfum sínum leggur IER mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttá hjá stofnunum og félögum í meirihlutaeigu Reykjavíkurborgar. Verkefni á fagsviði innri endurskoðunar flokkast í staðfestingarvinnu annars vegar og ráðgjafarþjónustu hins vegar. Viðfangsefnið ná m.a. til fjárhagsendurskoðunar, stjórnsýsluendurskoðunar og endurskoðunar upplýsingakerfa. Innri endurskoðun og ráðgjöf veitir stjórnendum faglega ráðgjöf og annast innri endurskoðun sem er hluti af innra stjórnendaeftirliti Reykjavíkurborgar. Viðfangsefni fagsviðs ráðgjafar er að taka við erindum frá borgarbúum og vera þeim til ráðgjafar og leiðbeina þeim í samskiptum sínum við borgina, m.a. um leiðir þeirra til að leita réttar síns telji þeir að á sér hafi verið brotið. Eins hefur fagsvið ráðgjafar það hlutverk að fræða starfsmenn borgarinnar og leiðbeina þeim m.a. um meginreglur stjórnsýslulaga. Persónuverndarfulltrúi hefur eftirlit með reglufylgni vegna persónuverndar og veitir starfsfólki Reykjavíkurborgar ráðgjöf í því skyni að tryggja að vinnsla persónuupplýsinga fari fram í samræmi við lög og persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar. Til þess þarf persónuverndarfulltrúi að kalla eftir upplýsingum til að greina vinnslustarfsemi Reykjavíkurborgar og veita upplýsingar og ráðgjöf, ásamt því að gera tillögur um úrbætur innan stjórnsýslunnar á sviði vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. á sviði upplýsingaöryggis. Persónuverndarfulltrúi sinnir jafnframt fræðsluhlutverki gagnvart starfsfólki borgarinnar. IER tekur á móti gögnum og upplýsingum um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi, bæði frá nafnlausum tilkynnendum og uppljóstrurum, og annast mál í samræmi við lög um vernd uppljóstrara nr. 40/2020. Starfssvið IER nær til A hluta Reykjavíkurborgar, eins og hann er afmarkaður í 1. tölul. 1. mgr. 60 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Að því marki sem A hlutinn ber ábyrgð á B hlutanum, eins

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

og hann er afmarkaður í 2. tölul. sömu gr., nær starfssviðið einnig til allrar samstæðu borgarinnar. IER hefur gert samninga um innri endurskoðunarþjónustu hjá Faxaflóahöfnum, Félagsbústöðum, Malbikunarstöðinni Höfða, Orkuveitu Reykjavíkur og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. en hjá Sorpu bs. og Strætó bs. er innri endurskoðun útvistað.

Samfélagsábyrgð og siðareglur

Um samfélagslega ábyrgð er fjallað í stefnumörkun Reykjavíkurborgar, meðal annars í umhverfis- og auðlindastefnu og loftslagsstefnu. Áhersla er lögð á að lífsgæði núlifandi og næstu kynslóða borgarbúa verði tryggð með því að meta auðinn sem felst í þjónustu náttúrunnar og hreinu umhverfi. Reykjavíkurborg leggur áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda og verður stefnunni framfylgt í eftirfarandi níu málaflokkum: Auðlindir, samgöngur, skipulag, gæði umhverfis, loftslagsmál, menntun til sjálfbærni, náttúra og útivist, neysla og úrgangur og rekstur Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg er aðili að Festu, miðstöð um samfélagslega ábyrgð. Miðstöðin hefur það hlutverk að efla þekkingu á sjálfbærum rekstri og hefur Reykjavíkurborg skuldbundið sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif með markvissum aðgerðum.

Grænar fjárfestingar

Á árinu 2018 var grænn rammi Reykjavíkurborgar samþykktur og uppfærður á árinu 2023. Ramminn er settur fram í samræmi við alþjóðleg viðmið ICMA, Alþjóðasamtök aðila á verðbréfamarkaði, svonefnd Green Bond Principle, með skírskotun í sjálfbærni viðmið Sameinuðu þjóðanna. Græni ramminn byggir á fjórum stöðum; (i) skilgreiningu grænna verkefnaflokka, (ii) valferli grænna verkefna, (iii) meðferð fjármuna og (iv) skýrslugjöf til fjárfesta. Samkvæmt mati CICERO Shades of Green sem veitir óháð álit á rammanum fær grænn rammi Reykjavíkurborgar einkunnina „miðlungs grænn“ (medium green) og undirflokkar og verkefni fá einkunnina „miðlungs eða dökk græn“ (medium to dark green) eftir flokkum. Litið er sérstaklega til stjórnsýslulegs fyrirkomulags, sem fær „framúrskarandi“ (excellent) eða hæstu einkunn.

Árið 2019 var samþykktur grænn rammi fyrir Orkuveitu Reykjavíkur og fyrstu grænu skuldabréfin gefin út í júní 2019. CICERO veitti óháð álit á rammanum og gaf rammanum hæstu einkunnir; „dökk grænn“ (dark green) fyrir jákvæð umhverfisáhrif verkefnanna og einkunnina „framúrskarandi“ (excellent) fyrir umgjörð skuldabréfanna hjá fyrirtækinu. Árið 2021 gaf OR út nýjan ramma, ramma grænnar fjármögnunar. Með breytingunni eru fjármagnaðar grænar eignir samstæðunnar en ekki tiltekin verkefni einstakra félaga innan hennar. Öll fjármögnun samstæðunnar á árunum 2021 - 2022 féll undir ramma grænnar fjármögnunar.

Félagsbústaðir hafa gefið út ramma um félagsleg skuldabréf í samræmi við alþjóðleg viðmið ICMA, svonefnd Social Bond Principle. Ramminn hefur hlotið vottun frá Sustainalytics, óháðum vottunaraðila. Í vottuninni segir m.a. að rammi Félagsbústaða sé traustur, trúverðugur og áhrifamikill, og að hann samræmist öllum fjórum meginþáttum alþjóðalegra viðmiða um félagsleg skuldabréf. Fyrstu félagslegu skuldabréfin voru gefin út í nóvember 2019.

Siðareglur

Um siðareglur og góða starfshætti er fjallað í 29. gr. sveitarstjórnarlaga. [Siðareglur kjörinna fulltrúa](#) voru samþykktar 18. júní 2019 og eru aðgengilegar eru á heimasíðu Reykjavíkurborgar. [Siðareglur starfsfólks](#) voru samþykktar 9. mars 2023.

Í samræmi við 63. gr. laga nr. 3/2003 um ársreikninga og verklagsreglu FMS-VLR-150[1] um eftirlit með viðskiptum tengdra aðila, sem samþykkt var í borgarráði 22. mars 2018, ber fjármála- og áhættustýringarviði að gera grein fyrir viðskiptum við tengda aðila, þ.m.t. á hverju tengslin við viðkomandi aðila byggjast, fjárhæð viðskipta og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að leggja mat á fjárhagsstöðu borgarinnar. Reykjavíkurborg safnar upplýsingum um viðskipti tengdra aðila fyrir útgáfu ársreiknings hvers árs um aðal- og varaborgarfulltrúum sem og staðgengla borgarstjóra. Í alþjóðlegum reikningsskilastaðli er skilgreiningin m.a.

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

sú að um sé að ræða þá sem eru í nánnum fjölskyldutengslum við viðkomandi aðila s.s. börn, maki, sambýlismaki, börn maka/sambýlismaka, einstaklingur á framfæri viðkomandi eða maka/sambýlismaka og fl. Þá eru lögaðilar sem viðkomandi aðili sjálfur eða maki/sambýlismaki eða börn á framfæri viðkomandi tengist skilgreindir sem tengdir aðilar og eru skráðir sérstaklega. Reykjavíkurborg aflar upplýsinga í Þjóðskrá um fjölskyldunúmer og kennitölur allra aðal- og varaborgarfulltrúum sem og staðgengla borgarstjóra að undangenginni upplýsingagjöf til ofangreindara aðila um vinnslu þessara persónuupplýsinga. Auk þess er kallað eftir frá öllum aðal- og varafulltrúum sem og staðgenglum borgarstjóra að þeir skila inn yfirliti yfir aðila sem falla undir ofangreinda skilgreiningu að því slepptu sem Reykjavíkurborg kallar eftir beint frá Þjóðskrá. Ofangreindar upplýsingar eru síðan keyrðar saman við fjárhagskerfi borgarinnar í því skyni að kanna hvort viðskipti hafi átt sér stað sem þurfa sérstakrar rýni við. Ef óeðlileg viðskipti hafa átt sér stað eru upplýsingar þess efnis afhentar endurskoðendum borgarinnar til frekari rýni. Í lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 eru einnig sett skilyrði um auðkenningu viðskiptamanna með könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðkomandi. Hafa allir borgarfulltrúar og sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs auðkennt sig við þær fjármálastofnanir sem Reykjavíkurborg á viðskipti við svo og gagnvart Lánasjóði sveitarfélaga og uppfylla þar með þær lagaskyldur.

Stefnur

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru sveitarfélög sjálfstæð stjórnvöld, sem stjórnað er af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnnum í umboði íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er falið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál, skipulagsmál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnarsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup.

Reykjavíkurborg hefur sett sér stefnumörkun þvert á starfseminu, sem er að finna á [heimasíðu borgarinnar](#). Helstu stefnur eru:

- Græna planið – heildarstefna Reykjavíkurborgar til 2030
- Aðalskipulag Reykjavíkur 2040
- Fjármálastefna 2023-2027
- Áhættustefna
- Húsnæðisstefna
- Atvinnu- og nýsköpunarstefna
- Jafnlaunastefna
- Mannauðsstefna
- Mannréttindastefna
- Persónuverndarstefna
- Upplýsingaöryggisstefna
- Þjónustustefna

Þá hefur Reykjavíkurborg sett sér stefnumörkun í einstökum málaflokkum, sem er að finna á [heimasíðu borgarinnar](#). Helstu stefnur eru:

- Stefnur á sviði íþrótt- og tómstundamála
- Stefnur á sviði menningar- og ferðamála
- Stefnur á sviði skóla- og frístundamála
- Stefnur á sviði umhverfis- og skipulagsmála

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

- Stefnur á sviði velferðarmála

Reykjavíkurborg hefur sett sér [almenna eigandastefnu Reykjavíkurborgar](#) sem skýrir hlutverk, umboð og ábyrgð eigandavalds Reykjavíkurborgar í fyrirtækjum borgarinnar. Þá hefur verið settar [eigendastefnur](#) vegna B-hluta fyrirtækja, m.a. vegna Félagsbústaða hf., SORPU bs., Strætó bs. og Orkuveitu Reykjavíkur.

Græna planið

Græna planið er heildarstefna Reykjavíkurborgar sem dregur upp framtíðarsýn borgarinnar til ársins 2030 og tengir lykilstefnur og áætlanir borgarinnar við þá sýn. Með áherslu á **efnahag, umhverfi og samfélag** heldur Græna planið utan um fimmtán lykiláherslur undir viddunum **Vaxandi borg, Græn borg og Borg fyrir fólk** sem virka sem sameiginlegt leiðarljós þvert á svið Reykjavíkurborgar. Ítarlegar upplýsingar er að finna um markmið, aðgerðir og framgang þeirra á [heimasíðu borgarinnar](#).

Til að mæla árangur Græna plansins innleiðir Reykjavíkurborg þrjá staðla frá alþjóðlegu samtökunum World Council on City Data (WCCD) sem mæla stöðu borga með tilliti til sjálfbærni, þar sem samfélags- efnahags- og umhverfisleg sjálfbærni borgarinnar er mæld með notkun yfir 200 alþjóðlegra mælikvarða. Hægt er að tengja hvern og einn mælikvarða við undirmarkmið Heimsmarkmiða Sameinuðu Þjóðanna. Hefur Reykjavíkurborg þegar hlotið vottun vegna allra þriggja staðla í staðlafjölskyldunni ISO 37120 þrjú ár í röð. Niðurstöður borgarinnar hafa verið birtar í gagnagátt Reykjavíkur og ákveðnir mælikvarðar hafa verið settir upp í gagnasögu á Gagnahlaðborði Reykjavíkur. Einnig hafa mælikvarðarnir verið notaðir í Aðgerðaráætlun loftslagsmála og vinna er í gangi við það að tengja mælikvarða við Græna planið. Hér er um að ræða staðlaða mælikvarða sem gerir Reykjavíkurborg kleift að bera sig saman við borgir um allan heim.

- ISO 37120 mælir þjónustuveitingu borga og lífsgæði íbúa þeirra. Staðallinn mælir umhverfislega, efnahagslega og samfélagslega sjálfbærni borga og gerir þeim kleift að fylgjast með eigin vegferð og bera sig saman við aðrar borgir.
- ISO 37122 mælir snjallvæðingu borga. Staðallinn mælir árangur og þroskaferli borgarinnar sem snjallborg. Þá er m.a. átt við framvindu deili- og hringrásarhagkerfisins og framsækni í nýjungagjöllum lausnum.
- ISO 37123 mælir seiglu (resilience) borga. Þá er átt við hversu vel borgir geti aðlagast og jafnað sig á þeim áföllum sem þær geta orðið fyrir af völdum náttúruhamfara og loftslagsbreytinga, heimsfaraldra, netárása og fleira.

VAXANDI BORG

[Vaxandi borg](#) felur í sér framtíðarsýn í efnahagsmálum og felur í sér að „[í] Reykjavík er kraftmikið, samkeppnishæft borgarsamfélag og frjósamur jarðvegur fyrir skapandi hugmyndir sem laðar fólk að til búsetu, heimsóknna og athafna. Borg sem setur grænan vöxt í forgang.“

Markmið í efnahagsmálum eru eftirfarandi:

1. Ábyrg fjármálastjórnun Fjármálastefna borgarinnar byggir á sjálfbærni, stöðugleika, festu, fyrirsjáanleika og gagnsæi. _____	2. Þétt og blönduð byggð Þéttari, blandaðri byggð með sjálfbærni hverfa að leiðarljósi. _____	3. Ný atvinnutækifæri framtíðar Þróun atvinnutækifæra verður á forsendum þekkingar, nýsköpunar og sjálfbærni til framtíðar. _____	4. Gott umhverfi fyrir atvinnulíf og nýsköpun Góð landnýting, fjölbreytt atvinnulíf og athafnasvæði fyrir allar tegundir fyrirtækja af öllum stærðum. _____
--	--	--	--

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Fjármálastefna

Fjármálastefna Reykjavíkurborgar 2023-2027, sem samþykkt var samhliða fjárhagsáætlun, var undirbúin með hliðsjón af fjárhagslegri stöðu og efnahagslegu ytra umhverfi borgarinnar. Í stefnunni er skýr áhersla á að hallarekstri og erfiðum aðstæðum í alþjóðlegu efnahagsumhverfi verði mætt með vexti þróttmikils borgarsamfélags til lengri tíma en með markvissum aðgerðum í rekstri og samdrætti í fjárfestingum miðað við áætlanir síðustu ára til skemmri tíma, án þess að dregið verði úr öflugri sókn í uppbyggingu borgarinnar í samræmi við Græna planið og stefnumörkun þess. Skýr sýn verði á græna og vaxandi borg fyrir fólk, sjálfbæran rekstur og fyrirbyggjandi aðgerðir til að lágmarka fjárhagslegar áhættur í rekstri borgarinnar.

Í Fjármálastefnu Reykjavíkurborgar eru sett markmið um rekstur og þróun fjármála borgarinnar til lengri og skemmri tíma, ásamt mælikvörðum sem snúa annars vegar að A-hluta og hins vegar að A- og B-hluta. Mælikvarðarnir eru eftirfarandi:

A-hluti

1. Rekstrarniðurstaða verði jákvæð frá og með árinu 2025.
2. Launakostnaður verði að hámarki 80% af samanlögðum útsvars- og Jöfnunarsjóðstekjum frá og með árinu 2026.
3. Veltufé frá rekstri verði yfir 7,5% af tekjum frá árinu 2025.
4. Veltufé frá rekstri dugi fyrir afborgunum lána og skuldbindinga frá og með árinu 2025.
5. Lántaka nemi að hámarki 70% af fjárfestingum ársins frá og með árinu 2025.
6. Skuldaviðmið A-hluta fari ekki yfir 100% af tekjum.

Nr.	Mælikvarði	Markmið	2023	2024	2025	2026	2027
1	Rekstrarniðurstaða jákvæð (fjárhæðir í m.kr.)	> 0	✖ -5.991	⚠ 2.166	✔ 6.035	✔ 7.067	✔ 9.631
2	Hlutfall launakostnaðar	< 80%	✖ 86%	✖ 82%	⚠ 81%	✔ 80%	✔ 80%
3	Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum	> 7,5%	✖ 2,2%	✖ 5,9%	✔ 7,6%	✔ 7,8%	✔ 8,5%
4	Veltufé frá rekstri á móti afborgunum lána og skuldbindinga	> 1,0	✖ 0,4	✖ 0,7	✔ 1,1	✔ 1,1	✔ 1,1
5	Lántaka að hámarki 70% af fjárfestingum	< 70%	⚠ 83%	⚠ 80%	✔ 65%	✔ 64%	✔ 54%
6	Skuldaviðmið fari ekki yfir 100% af tekjum	< 100%	✔ 85%	✔ 85%	✔ 86%	✔ 84%	✔ 79%

Samstæða – A- og B-hluti

1. Jafnvægisviðmið samstæðu sé jákvætt.
2. Skuldaviðmið samstæðu verði ekki hærra en 150% frá og með 2027.

Nr.	Mælikvarði	Markmið	2023	2024	2025	2026	2027
1	Þriggja ára jafnvægisviðmið	> 0	✔ 39.325	✔ 44.040	✔ 57.583	✔ 69.745	✔ 49.628
2	Skuldaviðmið fari ekki yfir 150% af tekjum	< 150%	✔ 141%	✔ 146%	⚠ 152%	✖ 151%	✔ 141%

Fjármálastefnan byggir á grunnildum borgarinnar um sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu, fyrirsjáanleika og gagnsæi sem varða leið borgarinnar að því að uppfylla fjármálareglur sveitarfélaga. Í skýrslu fjármála- og áhættustýringarsviðs með ársreikningi 2022 er farið með ítarlegum hætti yfir fjárhagslega stöðu m.v. uppgjör ársins 2022 í samanburði við fyrri ár.

Kynjuð fjárhagsáætlun

Borginni ber að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið við alla stefnumótun, ákvarðanatöku og áætlanagerð skv. jafnréttislögum, og nýtir til þess aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Unnið hefur verið að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun frá árinu 2011, í því skyni að stuðla að góðri og réttlátri dreifingu fjármuna með tilliti til ólíkra þarfa borgarbúa með jafnrétti og mannréttindi að leiðarljós. Ákveðið verklag hefur verið skrifað inn í ferla fjárhagsáætlunar til að tryggja að jafnréttis- og mannréttindasjónarmið séu höfð til hliðsjónar

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

við ákvarðanatöku og áætlanagerð á öllum stigum fjárhagsáætlunargerðarinnar. Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð ber ábyrgð á eftirfylgni með innleiðingunni.

Unnið var að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun á öllum fag- og kjarnasviðum borgarinnar á árinu. Margt hefur áunnist á þeim tíma sem innleiðing kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hefur staðið, m.a. hafa verið unnar fjölmargar greiningar á þjónustu borgarinnar sem hafa leitt til ýmissa breytinga og aðgerða, breytingar hafa verið gerðar á reglum um gerð fjárhagsáætlunar og reglum um styrkjaúthlutun Reykjavíkurborgar til að stuðla að jafnrétti við úthlutun fjármagns ásamt því að ný verkefni í fjárhags- og fjárfestingaráætlun hafa verið rýnd frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum.

Ítarlegri upplýsingar um framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar má finna í greinargerð sem fylgir með gögnum ársreiknings.

Húsnæðisstefna Reykjavíkur

Íbúar Reykjavíkur voru 136.894 þann 1. janúar 2023 skv. tölum Þjóðskrár og hafði þá fjölgað á einu ári um 2.596. Fjölgunin árið 2023 er áttunda árið í röð þar sem fjölgaði yfir 1.000 íbúa í borginni. Síðustu tíu ár hefur íbúum í Reykjavík fjölgað um 20 þúsund.

Á árinu 2023 var lokið við byggingu 874 íbúða. Reykjavíkurborg, innviðaráðuneyti og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun gerðu samkomulag þann 5. janúar 2023 sem byggir á rammameningu ríkis og sveitarfélaga frá júlí 2022. Samkomulagið gerir ráð fyrir að 30% nýs húsnæðis sé hagkvæmt á viðráðanlegu verði og 5% félagslegt í eigu sveitarfélags. Úthlutunaráætlun fyrir árið 2024 gerir ráð fyrir því að borgin úthluti lóðum undir 832 íbúðir á árinu. Þar af eru 75% lóða í verkefni á vegum húsnæðisfélaga eða í verkefni um þróun á hagkvæmu eða grænu húsnæði.

Skv. ársskýrslu byggingarfulltrúa voru skráðar fullgerðar 874 íbúðir í borginni á árinu en þær voru 1.062 árið 2022, 1.252 árið 2021, 1.572 árið 2020 og 1.003 árið 2019. Heildarfjöldi íbúða í Reykjavík er nú tæplega 60 þúsund. Samkomulag borgar, innviðaráðuneytis og HMS fyrir næstu 10 ár (2023-2032) gerir ráð fyrir að aðstæður verði tryggðar fyrir uppbyggingu á allt að 2.000 íbúðum á ári næstu fimm árin og að jafnaði 1.200 íbúðir á ári eftir það en markmiðin teygja sig upp í háspá Hagstofunnar um fólksfjöldaþróun. Um áramót 2022-23 voru um 2.500 íbúðir í byggingu í Reykjavík. Þar af voru 400 hagkvæmar á viðráðanlegu verði eða félagslegar eða um 21%. Samþykkt voru áform um byggingu 968 nýrra íbúða á árinu. Þá var hafist handa við 690 íbúðir. Um áramót voru til byggingarhæfar lóðir í Reykjavík þar sem byggja má um 2.000 íbúðir en skv. fyrrgreindu samkomulagi Reykjavíkurborgar, innviðaráðuneytis og HMS skuldbindur borgin sig til að hafa á hverjum tíma til reiðu lóðir þar sem byggja má 1.500 – 3.000 nýjar íbúðir.

Atvinnu- og nýsköpunarstefna

Unnið hefur verið að því að koma innleiðingu atvinnu- og nýsköpunarstefnu í góðan farveg. Aðgerðaáætlun atvinnu- og nýsköpunarstefnu 2023-2024 inniheldur 26 aðgerðir sem skiptast niður á sex stefnuáherslur. Unnið var áfram með sex kjarnaáherslur stefnunnar sem eru: 1. Sameiginlegur skilningur borgar og atvinnulífs, 2. Gott umhverfi atvinnulífs og nýsköpunar, 3. Fleiri stoðir verðmætasköpunar, 4. Sögur úr borginni, 5. Grænn vöxtur og 6. Enginn skilin eftir.

Á meðal lykilatriða sem unnið er eftir er þróun nýrra atvinnusvæða á Hólmsheiði, Álfsnesi og Esjumelum. Á Esjumelum er samþykkt deiliskipulag og lóðir gerðar byggingarhæfar og úthlutað í taki við þarfir atvinnulífsins. Unnið er að gerð deiliskipulags á Hólmsheiði í samstarfi við nokkur fyrirtæki sem valin voru til samstarfs í kjölfar markaðskönnunar. Á Álfsnesi var unnin fýsileikagreining fyrir hringrásargarð sem er atvinnusvæði sem leggur áherslu á fyrirtæki á sviði endurvinnslu. Á næsta ári verður unnið áfram með þróun svæðisins. Þá er unnið að samstarfsverkefnum með atvinnulífinu í miðborginni, vísindarþorpi í Vatnsmýri og þorpi skapandi greina í Gufunesi. Þá eru einnig haldnir fundir með vaxandi fyrirtækjum og þeim kynntar áhugaverð tækifæri í borginni. Nokkur fyrirtæki eru að skoða uppbyggingu í Reykjavík í kjölfar þeirra funda. Borgin hefur unnið að því að búa til fleiri stoðir verðmætasköpunar með þátttöku í verkefnum á borð við Snjallræði, Gulleggið og Hringiðu sem eru frumkvöðlaverkefni á vegum Klak. Það eru 5.500 hótélherbergi í Reykjavík í dag og eru um 500 herbergi í

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

uppbyggingu á mismunandi stigum. Tæplega 2,8 milljón gistinætur voru seldar á hótélum á Höfuðborgarsvæðinu 2023 og var nýting herbergja 77% yfir árið.

GRÆN BORG

[Græn borg](#) felur í sér framtíðarsýn Græna plansins í umhverfis og loftslagsmálum. Í því felst að „*Reykjavík er blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg sem verður kolefnishlutlaus árið 2040.*“

Markmið í umhverfismálum eru:

1. Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda Kolefnishlutlaus borg fyrir árið 2040 og aðlögun að loftslagsbreytingum. _____	2. Aukin kolefnisbinding og efling grænna svæða Aukin ræktun, nýting og samtenging milli grænna svæða. _____	3. Borgin aðlöguð að áhrifum loftslagsbreytinga Vinna gegn loftslagsbreytingum og aðlögun að þeim _____	4. Bætt aðgengi að heilnæmum útivistarmöguleikum og matvælum Áhersla á lýðheilsusjónarmið og aukinn borgarþúskap. _____
5. Vistvænar samgöngur Fjárfesting í samgönguinnviðum verður á grænum og fjölbreyttum forsendum. _____			

Kolefnishlutlaus borg

Reykjavíkurborg stefnir að kolefnishlutleysi árið 2040 og að aðlögun að loftslagsbreytingum verði með vistvænum og mannvænum hætti. **Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í loftslagsmálum árin 2021-2025** er að finna á [heimasíðu borgarinnar](#). Helstu aðgerðir eru 15 talsins og varða meðal annars gönguvæna borg, orkuskipti, heilsueflandi ferðamátar, hringrásarhugsun, vistvæn mannvirki og kolefnisbindingu. Þeim til stuðnings eru stoðaðgerðir sem ná þvert á og varða rekstur borgarinnar, aðlögun að loftslagsbreytingum, vitundarvakningu og nýsköpun.



Reykjavíkurborg hefur verið valin til þátttöku í Evrópusamstarfi í að verða kolefnishlutlaus árið 2030. Í því felst að gera loftslagssamning við ýmsa hagsmunaaðila um markmiðasetningu og árangur. Einnig er Reykjavíkurborg þátttakandi í loftslagssáttmála sveitarfélaga (Covenant of Mayors) og upplýsingagjöf um kolefnisnotkun (CDP carbon-disclosure-project).

Grænt bókhald

Grænt bókhald Reykjavíkurborgar er losunarbókhald vegna reksturs A-hluta.

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Losunarbókhald

Gróðurhúsalofttegundir	Einingar	2022	2023
Umfang 1	tCO ₂ í	914,6	670,1
Umfang 2 (landsnetið)	tCO ₂ í	3.219,3	3.554,4
Umfang 1 og 2	tCO ₂ í	4.133,9	4.224,5
Umfang 3	tCO ₂ í	391,4	431,9
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 (landsnetið) og 3)	tCO ₂ í	4.525,3	4.656,4
<i>Nasdaq: E1 UNGC: P7 GRI: 305-1,305-2,305-3 SASB: General Issue / GHG Emissions TCFD: Metrics & Targets</i>			

Umfang 1 - Samsetning losunar	Einingar	2022	2023
Heildarlosun	tCO ₂ í	914,6	670,1
Staðbundin eldsneytisnotkun	tCO ₂ í	146	-
Eldsneytisnotkun farartækja	tCO ₂ í	598,9	563

Umfang 2 - Samsetning losunar	Einingar	2022	2023
Heildarlosun	tCO ₂ í	3.219,3	3.554,4
Rafmagn	tCO ₂ í	324,7	437,9
Hitaveita	tCO ₂ í	2.893,2	3.115

Umfang 3 - Samsetning losunar	Einingar	2022	2023
Heildarlosun	tCO ₂ í	391,4	394
Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi	tCO ₂ í	391,4	394

Umhverfisþættir

Orkunotkun	Einingar	2022	2023
Heildarorkunotkun	kWst	364.515.011	399.828.684
Jarðefnaeldsneyti	kWst	3.674.141	2.709.327
Lífeldsneyti	kWst	2.439.481	2.680.437
Rafmagn	kWst	31.526.157	42.511.060
Hitaveita	kWst	326.875.232	351.927.860
Bein orkunotkun	kWst	6.113.622	5.389.764
Óbein orkunotkun	kWst	358.401.389	394.438.920
<i>Nasdaq: E3 UNGC: P7, P8 GRI: 302-1, 302-2 SDG: 12 SASB: General Issue / Energy Management</i>			

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Orkusamsetning	Einingar	2022	2023
Heildarorkunotkun	kWst	364.515.011	399.828.684
Jarðefnaeldsneyti	%	1%	0,7%
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	99%	99,3%
Kjarnorka	%	0%	0%
Óþekkt	%	0%	0%

Nasdaq: E5 | GRI: 302-1 | SDG: 7 | SASB: General Issue / Energy Management

Eldsneytisnotkun	Einingar	2022	2023
Heildareldsneytisnotkun	kg	468.103	402.849
Bensín	kg	92.366	91.272
Díselolía	kg	214.418	134.327
Metan	kg	161.320	177.247

Vatnsnotkun	Einingar	2022	2023
Heildarvatnsnotkun	m ³	7.106.603,8	9.300.137,6
Kalt vatn	m ³	1.470.824	3.232.415,9
Heitt vatn	m ³	5.635.779,9	6.067.721,7

Nasdaq: E6 | GRI: 303-5 | SDG: 6 | SASB: General Issue / Water & Wastewater Management

Meðhöndlun úrgangs	Einingar	2022	2023
Heildarmagn úrgangs	kg	2.644.804	3.007.701
Flokkaður úrgangur	kg	1.323.918	1.409.700
Óflokkaður úrgangur	kg	1.320.865	1.591.741
Endurunnin úrgangur	kg	1.899.100	2.260.115
Úrgangi fargað	kg	745.683	741.325
Flokkunarhlutfall úrgangs	%	50,1%	46,9%
Endurvinnsluhlutfall úrgangs	%	71,8%	75,1%

Heildarlosun jókst um 131,1 tonn CO² ígildi frá síðustu framlögn græns bókhalds.

Nasdaq: ESG reporting guide

GRI: Global Reporting Initiative

SDG: Sustainable Development Goals

SASB: Sustainability Accounting Standards Board

Heildstætt yfirlit yfir markmið og framgang er að finna á www.reykjavik.is/loftslagsmal undir Loftslagstölfræði - Grænt bókhald.

Græn skref Reykjavíkurborgar

Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar snýst um að efla vistvænan rekstur í starfsemi borgarinnar og skapa fordæmi í því að minnka umhverfisáhrif sveitarfélagsins með kerfisbundnum hætti. Samkvæmt loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar eiga allir starfsstaðir Reykjavíkurborgar að vera þátttakendur í Grænum skrefum.

Um áramótin 2023/2024 voru 286 starfsstaðir Reykjavíkurborgar skráðir í verkefnið Grænu skrefin. Á síðasta ári luku 33 vinnustaðir einhverju skrefi (6 kláruðu skref 1, 14 kláruðu skref 2, 4 kláruðu skref 3 og 9 kláruðu skref 4). Í lok 2023 voru samtals 118 starfsstaðir virkir í Grænu skrefunum (búnir að ljúka einhverju skrefi) frá því að verkefnið hófst, þ.e.:

- 48 starfsstaðir alls skráðir með skref 1
- 35 starfsstaðir alls skráðir með skref 2

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

- 13 starfsstaðir alls skráðir með skref 3
- 22 starfsstaðir alls skráðir með skref 4

Markmiðið var að allir skráðir starfsstaðir næðu að ljúka að minnsta kosti fyrsta skrefi. Um það bil 41% höfðu náð þessu markmiði. Markmiðið er að þetta gangi eftir á árinu 2024. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um Græn skref Reykjavíkurborgar [hér](#).

BORG FYRIR FÓLK

[Borg fyrir fólk](#) felur í sér framtíðarsýn Græna plansins í samfélagsmálum. Það felur í sér að „*Reykvískt samfélag er byggt á réttlæti, sanngirni og þátttöku barna og full-orð-inna. Borg-ar-búar lifa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigin líf og annarra. Með því að hlusta, miðla, rýna og þróa er stuðlað að inngild-ingu þar sem engin er skilin eftir. Reykjavík okkar allra.*“

<p>1. Fyrir okkur öll</p> <p>Góð líðan íbúa og að við upplifum að Reykjavík sé fyrir okkur öll.</p> <hr/>	<p>2. Láttum draumana rætast</p> <p>Börn og unglingar láta draumana sýna rætast.</p> <hr/>	<p>3. Menning og listir verða samofin borgarlífinu</p> <p>Öll hafi jöfn tækifæri til að taka þátt í njóta menningar og lista.</p> <hr/>	<p>4. Íþróttir fyrir öll</p> <p>Flest stundi reglulega íþróttir eða aðra hreyfingu.</p> <hr/>
<p>5. Bætt lýðheilsa</p> <p>Heilsueflandi, sjálfbært og fjölskrúðugt borgarsamfélag.</p> <hr/>	<p>6. Mannréttindi, aukin þátttaka og bætt samtal við íbúa</p> <p>Íbúar fá tækifæri til að vinna með borginni að bættum lífsgæðum.</p> <hr/>		

Velferðarstefna

Markmið Reykjavíkurborgar er að veita velferðarþjónustu sem stuðlar að góðri líðan íbúa og við upplifum að Reykjavík sé fyrir okkur öll. Velferðarstefna Reykjavíkurborgar er rammi utan um metnaðarfulla velferðarþjónustu sem hefur það að markmiði að auka lífsgæði og stuðla að því að allir Reykvíkingar eigi kost á að lifa með reisn.

Menntastefna og frístundastefna

Markmið Reykjavíkurborgar er að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Menntastefna Reykjavíkurborgar hvetur okkur til að þróa skóla- og frístundastarf í skapandi lærdómssamfélag sem mætir þörfum 21. aldarinnar. Um leið er henni ætlað að mæta þeim áskorunum er felast í stöðugum umhverfis, samfélags- og tæknibreytingum.

Leiðarljós stefnu frístundaþjónustu er að bjóða upp á fjölbreytta og heilsueflandi frístundaþjónustu sem hvetur til virkrar þátttöku, sköpunar og betra samfélags.

Menningarstefna

Markmið Reykjavíkurborgar er að allir borgarbúar hafi jöfn tækifæri til þess að taka þátt í og njóta menningar og lista.

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Stefnur á sviði íþróttta- og tómstundamála

Markmið Reykjavíkurborgar á sviði íþróttamála er að flestir Reykvíkingar stundi reglulega íþróttir, líkamsrækt eða aðra hreyfingu.

Lýðheilsustefna

Markmið Reykjavíkurborgar á sviði lýðheilsu er að skapa heilsueflandi, sjálfbært og fjölskrúðugt borgarsamfélag sem stuðlar að öryggi, jöfnuði, virkri þátttöku og vellíðan allra í heilsuborginni Reykjavík.

Mannréttinda- og lýðræðisstefna

Markmið Reykjavíkurborgar í mannréttinda- og lýðræðismálum er inngilding og að íbúar hafi tækifæri til þess að vinna með borginni að bættum lífsgæðum í umhverfi sínu.

Þegar unnið er að samþykktum stefnumörkun hjá Reykjavíkurborg og veigamiklar ákvarðarnir eru teknar m.a. um úthlutun fjármagns hjá borginni er mannréttindastefna Reykjavíkurborgar höfð til hliðsjónar.

Starfsmanna- og jafnréttismál

Mannauðsstefna Reykjavíkurborgar

Unnið hefur verið markvisst eftir leiðarljósum og áherslum mannaúðsstefnu Reykjavíkurborgar frá því að hún var samþykkt árið 2018. Árlega er farið yfir markmið og aðgerðir sem falla undir áherslur. Á síðasta ári var unnið að 10 markmiðum sem náðust flest að hluta til eða öllu leyti. Má nefna sem dæmi að framkvæmt var stöðumat á styttingu vinnuvikunnar hjá öllu starfsfólki, öryggisstefna Reykjavíkurborgar var samþykkt og hafin var innleiðing á rafrænu fræðsluferfi og nýju umsóknarkerfi.

Jafnlaunastefna Reykjavíkurborgar

Uppfærð jafnlaunastefna Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarráði í júní 2022 og með gildistíma fram til 2030. Í henni er að finna bæði viðvarandi aðgerðir eins og að innleiða jafnlaunakerfi og framkvæma árlegar launagreiningar sem og tímabundnar fimm aðgerðir sem unnið er markvisst að á mannaúðs- og starfsumhverfissviði.

Nýjasta launagreining Félagsvísindastofunnar á launagögnum frá október 2022 sýnir að leiðréttur kynbundinn launamunur var 0,2% og telst það innan skekkjumarka. Dregið hefur úr launamun frá síðustu greiningu og ljóst er að þær aðgerðir sem farið hefur verið í eru að skila árangri.

Mannauður

Hér að neðan má sjá lykiltölur mannaúðs skipt eftir sviðum. Tölur sem birtar eru snúa að fjölda stöðugilda, fjölda yfirvinnustunda, fjölda vinnustunda með vaktaálagi og ekinna kílómetra.

Við útreikning stöðugilda er miðað við greidd stöðugildi í útborgun á tímabilinu 1. janúar til 31. desember árin 2022 og 2023. Undanskilin eru stöðugildi starfsmanna í fæðingarorlofi þar sem ekki fellur til kostnaður vegna þeirra.

A-hluti

	2022			2023			
Lykiltölur um mannaúð - A-hluti	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	2.296	6.225	8.520	2.316	6.259	8.575	➔ 0,6%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	322.371	467.871	790.242	313.169	463.885	777.054	➔ -1,7%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	741.471	1.065.375	1.806.846	751.352	1.054.408	1.805.760	➔ -0,1%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	292.136	909.312	1.201.447	298.804	929.951	1.228.755	➔ 2,3%
Fjöldi samöngusamninga í árslok	612	2.155	2.767	1.011	3.124	4.134	⬆ 49,4%

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Sundurliðun einstök svið

	2022			2023				
Menningar- og íþróttasvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári	
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	210	275	485	202	255	456	↔	-6,0%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	67.501	57.311	124.812	58.212	55.269	113.481	↔	-9,1%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	87.643	81.431	169.074	81.856	75.201	157.057	↔	-7,1%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	27.990	23.489	51.479	37.065	18.530	55.595	↔	8,0%
Fjöldi samöngusamninga í árslok	41	76	117	63	104	167	⬆	42,7%

	2022			2023				
Skóla- og frístundasvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári	
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	948	3.877	4.825	944	3.920	4.865	↔	0,8%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	79.985	213.117	293.102	86.209	217.986	304.195	↔	3,8%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	44.671	68.629	113.300	39.415	69.963	109.378	↔	-3,5%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	78.847	231.223	310.071	71.741	229.022	300.764	↔	-3,0%
Fjöldi samöngusamninga í árslok	364	1.723	2.087	576	2.451	3.027	⬆	45,0%

	2022			2023				
Velferðarsvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári	
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	681	1.682	2.363	714	1.691	2.404	↔	1,7%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	90.589	184.400	274.990	86.422	178.057	264.479	↔	-3,8%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	570.268	912.635	1.482.903	589.723	906.990	1.496.713	↔	0,9%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	146.493	641.402	787.895	147.128	672.224	819.352	↔	4,0%
Fjöldi samöngusamninga í árslok	118	287	405	232	450	681	⬆	68,1%

	2022			2023				
Umhverfis- og skipulagssvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári	
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	316	143	459	317	147	464	↔	1,1%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	79.389	12.451	91.840	78.571	12.485	91.057	↔	-0,9%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	24.941	1.796	26.737	26.694	1.562	28.256	↔	5,7%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	32.019	8.341	40.360	35.280	5.661	40.941	↔	1,4%
Fjöldi samöngusamninga í árslok	49	21	70	76	41	117	⬆	67,1%

	2022			2023				
Miðlæg stjórnsýsla	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári	
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	26	55	81	23	57	80	↔	-1,2%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	2.239	536	2.776	1.200	28	1.228	⬇	-55,8%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	2.519	692	3.211	2.323	612	2.935	↔	-8,6%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	3.025	2.578	5.603	2.017	2.093	4.110	⬇	-26,6%
Fjöldi samöngusamninga í árslok	3	10	13	7	21	28	⬆	115,4%

	2022			2023				
Fjármála- og áhættustýringarsvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári	
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	30	80	110	29	74	103	↔	-6,4%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	0	192	192	0	80	80	⬇	-58,3%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	64	363	427	1.580	327	1.907	⬆	346,6%
Fjöldi samgöngustyrkja í árslok	8	8	16	9	11	20	⬆	25,0%

	2022			2023				
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	Br. frá f. ári	
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	3	16	19	4	15	19	↔	0,0%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	769	587	1.356	216	1.187	1.403	↔	3,5%
Fjöldi samgöngustyrkja í árslok	1	3	4	2	4	6	⬆	50,0%

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Þjónustu- og nýsköpunarsvið	2022			2023			Br. frá f. ári
	KK	KVK	Samtals	KK	KVK	Samtals	
Fjöldi stöðugilda á ári, meðaltal	82	96	178	84	100	184	➔ 3,4%
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	2.668	55	2.723	2.555	60	2.615	➔ -4,0%
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	11.429	0	11.429	11.342	0	11.342	➔ -0,8%
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	2.928	1.329	4.257	3.776	907	4.683	⬆ 10,0%
Fjöldi samgöngustyrkja í árslok	28	27	55	46	42	88	⬆ 60,0%

Rannsóknar- og þróunarstarfsemi

Stafræn þróun borgarinnar og verkefni því tengd ásamt þróun á þjónustu hennar gegna lykilhlutverki í framþróun í rekstri Reykjavíkur. Stafræn umbreyting og sú endurskilgreining og ítrun verk- og þjónustuferla er hún leiðir af sér gegnir mjög stóru hlutverki í að ná fram hagkvæmni í rekstri og gerir borginni kleift að sinna þjónustu við sístækkandi íbúafjölda á skilvirkari hátt en ella. Þróun í upplýsingatæknirekstri leikur einnig stórt hlutverk í grænum rekstri borgarinnar og því markmiði Reykjavíkur að verða kolefnishlutlaus 2030. Þá er þróunarvinnan undirstaða öryggis í meðhöndlun gagna og upplýsinga sem og hagnýtingu upplýsingatækni á öllum starfsstöðum Reykjavíkur.

Annað

Upplýsingar um dómsmál sem beinast að Reykjavíkurborg er að finna í skýringum með ársreikningi Reykjavíkurborgar.

Engin veruleg frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sveitarfélagsins, sem tengist umhverfis-, félags- og starfsmannamálum, mannréttindamálum eða spillingar- og mútumálum.

Samþykkt á fundi borgarstjórnar 14. maí 2024.